



VESTURBYGGÐ



ÍBÚAFUNDUR Á BÍLDUDAL Mánudaginn 5. október 2015

Fundurinn var haldinn í Félagshemilinu Baldurshaga. 17 þátttakendur sátu fundinn, að fulltrúum Vesturbyggðar meðtöldum. Hér fara á eftir minnispunktar frá fundinum.

Umræðuefni sem fundarmenn stungu upp á

Fyrst stungu fundarmenn upp á umræðuefnum með því að skrifa niður á miða, sem síðan voru flokkaðir. Hér er það sem rataði á miðana. Hver málaflokkur var svo ræddur frekar.

Íþróttaaðstaða og –starf

- Betri aðstæður í íþróttahúsi, t.d. æfingasal.
- Íþróttastarf grunnskólabarna. Koma á skipulögðum íþróttastundum.
- Íþrótt- og æskulýðsmál.
- Íþróttavöllur (Völuvöllur). Aðstaða í molum. Hvað skal gera?
- Bæta aðstöðu í íþróttamálum > sundlaug.
- Íþróttaaðstaða, t.d. sundlaug.
- Gera börnum á Bíldudal kleift að æfa íþróttir á Patreksfirði > rútuferðir.

Götur og samgöngur

- Dalbraut. Færa þjóðveginn. Strandgata?
- Taka þungaflutninga af Dalbraut.
- Hver er framtíðarsýn með Dalbrautina varðandi hraða- og þungaflutninga?
- Skipulagsmál. Nýjan veg inn í plássíð út í sjó.
- Samgöngumál, t.d. á milli byggðakjarna. Væri nóg einu sinni í viku.

Skólamál

- Skólamál.
- Skóli / skólamál.

Grunnskóli

- Skólabókasafn.
- (Skóla)bókasafn. Lestur er aðalmarkmið í skólanum, en það eru ekki til bækur.
- List- og verkgreinastofur í grunnskólann.
- Lóðir við grunn- og leikskóla.

Leikskóli

- Leikskólalóðin.

Tónskóli

- Efla tónskólann.

Heilsugæsla

- Heilsugæsla. Hjúkrunarfræðing með búsetu á Bíldudal.
- Hjúkrunarfræðingur allt árið.
- Bæta heilbrigðisþjónustu á Bíldudal > hjúkrunarfræðing með fasta búsetu.
- Heilsa – öryggi.
- Heilbrigðismál í sambandi við eldri borgara.

Hjúkrunarheimili

- Hjúkrunarheimili í Vesturbyggð.

Börn og unglingar

- Námskeið fyrir börn og unglinga á Bíldudal. Við þurfum að sækja allt á Patró.
- Heilsdagsskóli / tómstundastarf eftir skóla.
- Eitthvað í boði eftir skóla, allavega til kl. 16, alla daga.

Höfn

- Höfnin í ljósi stóraukinna umsvifa.
- Stækka höfn.

Menning / aðstaða

- Menningarmiðstöð; bækur, upplýsingamiðstöð.
- Bæta aðstöðu í Félagsheimili.

Veitumál

- Vatnsveita

Bylta

- Viðbyggingu við Byltu

Tjaldsvæðið

- Tjaldsvæðið, hvað er að fréttu með það?

Íbúðarhúsnæði

- Stuðla að auknu framboði íbúðarhúsnæðis.

Atvinnumál

- Iðnaður.

Slökkvilið

- Fatnaður slökkviliðsmanna.

Fleiri atriði til umræðu – bætt við eftir að búið var að ræða það sem komið var á blað

- Fjölgun íbúa.
- Framtíðin – 2020.

Punktur úr umræðum

Möguleg lausn varðandi heilbrigðisþjónustu:

Vesturbyggð styðji einhverja til að mennta sig sem bráðaliða / -tækna. Keyptur verði snjótroðari. Samstarf sveitarfélagsins og björgunarsveitarinnar.

Eða reyna að lokka hingað lækni (jafnvel erlendan) sem kominn væri á eftirlaun. Gott húsnæði og aðstaða.

Samstarf í ýmsum málum, t.d. er íþróttafélagið til í samstarf og kvenfélagið, sem er t.d. í samstarfi við félagsheimilið.

Leikskólalóð samstarfsverkefni? Nei, það er verkefni Vesturbyggðar. Rifjað upp að á sínum tíma voru það foreldrar sem byggðu leikskólann.

Hvernig er hægt að fá fleiri til að taka þátt?

Sjálfböðavinna er á undanhaldi.

Rætt um stöðu og starfsemi íbúasamtaka.

Til að virkja fleiri, þarf að hringja í fólk!

Íþróttamál

Beðið er eftir stefnu / niðurstöðu frá íþróttafulltrúa. Kallað eftir henni.

Íþróttavöllur framfrá er að grotna niður. Vilji hjá íþróttafélögum í nágrennabyggðarlögum að byggja þennan völl upp.

Vörubretti – þarf að hreinsa.

Hver á völlinn? Íþróttafélagið? Vesturbyggð á landið.

Í lok fundar gekk orðstafur milli fundarmanna og allir höfðu kost á að tjá sig um spurninguna:

Hvernig er hægt að hafa samtalið milli sveitarstjórnar og íbúa uppbyggilegt og jafnvel skemmtilegt?

- Fleiri fundi. Þetta verði ekki sá eini.
- Hittast aftur.
- Vantar fleira fólk.
- Gera þetta saman.
- Íbúáþing (sbr. fyrirkomulag á íbúáþingi Broth.byggðir).
- Verum ánægð með það sem við höfum.
- Framtíðin – þurfum að skoða hana alvarlega. Hversu margir íbúar verða á Bíldudal? 300 eftir 5 ár og 450 eftir 10 ár?
- Betri þjónustu við alla íbúa.
- Sammála.
- Vita hvernig unnið verður úr þessum fundi. Sjá árangur.
- Fleiri fundi, íbúáþing, íbúasamtök.
- Fá feedback eftir þennan fund.
- Jákvæðni gagnvart því að hittast.
- Blátönn.
- Það var gaman hér á þessum fundi. Láta vita, allir koma með 3 með sér næst.
- Bíldudalur er ekki brothætt byggð. Er það sem er, þrátt fyrir Byggðastofnun. Gerum hlutina sjálf. Það á að vera gaman að búa á Bíldudal.
- Þegar við segjum að eitthvað sé ekki hægt, þá erum við búin að tapa.
- Bíldudalur, besti staður í heimi!
- Koma með ábendingar.
- Góð framtíð og verum góð hvert við annað.
- Endilega hafa samband við bæjarfulltrúa, starfsmenn og bæjarstjóra! (ÁS)

Umsjón með fundinum hafði Sigurborg Kr. Hannesdóttir hjá ILDI í Grundarfirði og skráði hún þessa minnispunkta.